

Speglun þvagblöðru á göngudeild þvagfæra 11A

Speglun þvagblöðru er gerð til að skoða þvagblöðru að innan og greina sjúkdóma eða bólgur sem þar geta verið.

Undirbúningur

Fara þarf í sturtu áður en komið er á spítalann. Karlmenn þurfa að þvo vandlega undir forhúð. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna.

Mæting er á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Speglun

Þvagrásaropið er þvegið og deytt með kremi. Farið er með speglunartæki upp þvagrás og inn í þvagblöðru. Speglunin getur verið óþægileg en hún tekur stutta stund.

Eftir speglun

- Nauðsynlegt er að drekka 1,5-2 lítra af vökva þann dag sem speglunin fer fram.
- Búast má við að vægur sviði fylgi fyrstu þvaglátum eftir speglunina.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða leita á bráðamóttöku ef:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Þvag er mjög blóðlitað
- Erfiðleikar við þvaglát

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Utan dagvinnutíma er leitað á bráðamóttöku í Fossvogi ef vandamál koma upp.